



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi Nefndasvið  
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. apríl 2024.

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra, þskj. 143, 143. mál.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar og styður efni þess. Svo sem segir í greinargerð með frumvarpinu þá viljum við öll fá að eldast með reisn og njóta efri áraanna í faðmi fjölskyldu okkar. Samkvæmt lögum um málefni aldraðra er réttur til dvalar á öldrunarstofnun bundinn því skilyrði að viðkomandi hafi undirgengist færni- og heilsumat sem sýni fram á þörf hans fyrir dvöl í hjúkrunar- eða dvalarrými. Því gerist það iðulega þegar einstaklingur þarf heilsu sinnar vegna að leggjast inn á hjúkrunarheimili að hann verði viðskila við maka sinn.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um málefni aldraðra til að tryggja réttinn til sambúðar í dvalar- og hjúkrunarrýmum. Svo sem fram er komið þá styður MRSÍ frumvarp þetta og hvetur til lögleiðingar þess. MRSÍ tekur undir vísan í greinargerðinni til ákvæðis 1. mgr. 71, gr. Stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, en þar segir að allir skuli njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.

Virðingarfyllt,  
f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir  
framkvæmdastjóri